

Fundargerð safnráðs Listasafnsins á Akureyri

26. fundur.

Miðvikudaginn 27. janúar 2021, kl. 11:00 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. **Staða mála, sýningar og viðburðir framundan.** Safnstjóri fór yfir áhrif Covid-19 á starfsemi safnsins. Ánægja með að nú mega þó 20 manns koma í safnið. Þriðjudagsfyrirlestrar hefjast í næstu viku og sá fyrsti verður að öllum líkindum á netinu. Fyrsta opnun ársins verður 20. febrúar. Barnasmiðjur eru farnar í gang og mikil aðsókn í þær sem er gleðilegt.
2. **Dagskrá ársins 2021 og drög að dagskrá 2022.** Farið yfir sýningadagskrá ársins 2021. Árbók er farin í prentun og kemur út í 10. febrúar. Farið yfir drög að sýningaráætlun fyrir árið 2022 og hugmyndir um samvinnu við framhaldsskóla á norðurlandi ræddar.
3. **Safneign og umsýsla með listaverk Akureyrarbæjar.** Rætt um skráningu og vörslu listaverka. Búið er að flytja öll listaverk sem voru í geymslu í Sjafnarhúsi í listaverkageymslur safnsins. Unnið er að skráningu og ljósmyndun verka en sú vinna mun taka nokkur ár. Farið verður yfir stöðu mála á næsta fundi safnráðs.
4. **Nýjar sýningar í safninu skoðaðar ásamt listaverkageymslu.** Sýning á verkum barna sem tóku þátt í listasmiðju skoðuð ásamt nýjum sýningum í safninu. Farið í geymslur á 3. hæð og í listaverkageymslu á 4. hæð og aðstaðan skoðuð.

Ákveðið að næsti fundur safnráðs verði miðvikudaginn 12. maí 2021 kl. 11.

Fundi slitið kl. 12:30